



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 12. júní 2023
2011715/500.00 FB

Leiksvæði í Kópavogi, aðgerðaáætlun

Á fundi bæjarráðs þann 25.5. sl. var samþykkt eftir umræður að vísa aðgerðaráætlun leikvalla til undirritaðs til endurskoðunar. Málið var til komið vegna óánægju íbúa með að leiksvæði milli Reyni- og Birkigrundar væri aflagt samkvæmt tillögum sem voru samþykkar í maí 2022 og voru hluti af aðgerðaáætlun vegna leik- og afþreyingar-svæða í Kópavogi.

Áætlunin er umfangsmikil og óraunhæft að undirritaður hafi tök á að endurskoða hana í heild sinni á þessum árstíma.

Eftirfarandi er lagt til:

1. Hætt verði við að afleggja leiksvæðið milli Reyni- og Birkigrundar og það endurgert í líkri mynd og áður var. Verkinu verði lokið fyrir næstu mánaðarmót.
2. Aðgerðaáætlunin í heild sinni verði kynnt haustið 2023 og tekin til endurskoðunar ef þörf reynist á því.

Virðingarfyllst,

Friðrik Baldursson
Garðyrkjustjóri